

## Viðauki 5. Umsókn og afgreiðsla á aðstöðuleigu

### 1. Umsókn

- Viðskiptavinur sem ekki eru með aðgang að þjónustuvef þjónustusala skulu senda umsókn um aðstöðuleigu í tölvupósti á [sala@mila.is](mailto:sala@mila.is), með upplýsingum um nafn, snjallsímanúmer, staðsetningu þar sem óskað er eftir aðstöðuleigu, stærð (breidd x dýpt x hæð) skápaeiningar, stærð (lengd x breidd) loftnets, loftnetsmagnara og meðfylgjandi búnaðar, þyngd loftnets, loftnetsmagnara og meðfylgjandi búnaðar, áætlaða orkunotkun og hvort óskað sé eftir að gera 1-3 ára samning með tilheyrandi afslætti, sjá nánar viðauka 2. Verðskrá lið 1.7.

Viðskiptavinur sem er með aðgang að þjónustuvef þjónustusala skal fylla út tilboðsbeiðni á þjónustuvefnum <https://thjonustuvefur.mila.is/colocation> og vandlega fylla út alla rauða reiti í pöntunarforminu og haka við þá þjónustu sem óskað er eftir.

Í reitinn “Lýsing” þarf að upplýsa um eftirfarandi atriði í umsókninni:

- Hvort óskað sé eftir að gera 1-3 ára samning með tilheyrandi afslætti, sjá nánar viðauka 2. Verðskrá lið 1.7.
- Samningsnúmer ef gera á breytingu á gildandi aðstöðuleigusamningi
- Stærð skápaeiningar/búnaðar (breidd x dýpt x hæð), og upplýsingar um svæði sem þarf að vera aðgengilegt í kringum skáp/búnað.
- Frávik frá viðmiðunarstærðum (ef eru), sem sjá má í verðskrá á heimasíðu Mílu og í viðauka 2 Verðskrá skal sérstaklega taka fram.
- Áætluð orkunotkun og kælipörf
- Stærð (lengd x breidd) loftnets ef við á
- Þyngd loftnets, loftnetsmagnara og meðfylgjandi búnaðar
- Stærð á hýsingarstreng að búnaði og yfir í aðra aðstöðu ef við á
- Aðrar óskir sem þjónustukaupi vill taka fram í umsókn

### 2. Afgreiðsla umsóknar

Almennt markmið þjónustusala er að umsóknum um aðstöðuleigu sé svarað innan 5-10 virkra daga frá því að umsókn berst, og þjónustukaupi upplýstur um hvort hægt sé að uppfylla óskir um umbeðna aðstöðuleigu. Samskipti fara fram í skilaboðum á þjónustuvef þjónustusala og/eða í tölvupóstsamskiptum.

### 3. Greiðslutryggingar

Þjónustusali getur farið fram á að þjónustukaupi leggi fram tryggingar fyrir útlögðum kostnaði. Þjónustusala er heimilt að óska bankatryggingar fyrir væntanlegum útlögðum

kostnaði þjónustusala sem hlýst af afgreiðslu umsóknar um aðstöðuleigu og ekki telst eðlilegt að sé innifalið í verði fyrir aðstöðuleiguna.

#### *4. Reglur fyrir úthlutun*

Þar sem rými er takmarkað gildir sú regla að sá þjónustukaupi sem fyrst pantar og tekur á sig fjárhagslegar skuldbindingar er afgreiddur fyrst og fær úthlutað aðstöðunni.